

✉ Re: Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði - beiðni um umsögn

Búið til	24.11.2020 14:42:07
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	24.11.2020 14:42:06
Tilheyrir	📁 202011-0017 - Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði - beiðni um umsögn

Efni

Re: Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	24.11.2020 14:42:06	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	jonsmari@skipulag.is
Cc	skipulag@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0017 (SBR, TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagstofnun, dags. 6. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og greinargerð Fiskeldis Austfjarða hf. frá 4. nóvember sl. sem fjallar um tilkynntar breytingar sem felast í því að staðsetning svæða í firðinum munu taka breytingum frá því sem áður hefur verið. Auk þess sem útsetningaráætlun tekur einnig breytingum frá því sem áður var gert ráð fyrir.

Með hliðsjón af því að ekki verður vikið frá leyfilegu magni í eldinu, bæði samkvæmt mati á burðarþoli Fáskrúðsfjarðar og m.t.t. frjórna og ófrjórna laxa vegna erfðablöndunar sem og niðurstöðum úr mati á umhverfisáhrifum, gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að útsetningaráætlun taki breytingum að því tilskyldu að öll starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt. Jafnframt gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að breytingu á staðsetningu eldissvæða. Þegar horft er til tillögu Náttúrufræðistofnunar um vernd klóþangsfjara, sem eru sjaldgæfar annarsstaðar á Austurlandi, á Sævarendaströnd í sunnanverðum Fáskrúðsfirði frá ósum Selár vestur til móts við Merkgil, þá færir tillagan kvíarnar, eldissvæðið, fjær tillögusvæðinu/klóþangsfjörunum. Líklegt er að það sé til bóta og sömuleiðis virðist færslan ekki vera líkleg til að auka álag á viðkvæmar fjörugerðir.

Með hliðsjón af framangreindu og hlutverks Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin ekki ástæðu til að þær breytingar sem lagðar eru til fari í mat á umhverfisáhrifum en leggur áherslu á að farið verði að ýrtruðu kröfum um vöktun og mengunarvarnir. Þessi niðurstaða breytir ekki fyrri afstöðu Náttúrufræðistofnunar til sjókvíaldis þar sem notuð er framandi tegund af kynbættum frjóum lax.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Jón Smári Jónsson" <jonsmari@skipulag.is>
To: "fjardabyggd@fjardabyggd.is" <fjardabyggd@fjardabyggd.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "mast@mast.is" <mast@mast.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>; "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>

CC:

Subject: Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði - beiðni um umsögn

Date: 6.11.2020 14:07:27

Heil og sæl,

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Meðfylgjandi er greinargerð tilkynningar um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði.

Tilkynningin verður aðeins send út rafrænt. Umsagnarfrestur er til 23. nóvember 2020. Óskað er að umsögn verði einnig send á tölvupóstföngin jonsmari@skipulag.is og skipulag@skipulag.is

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

jonsmari@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)